

Sjöundi fundur Skólaneftndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á skrifstofu skólameistara mánudaginn 7. október 2019 klukkan 15:15.

Mættir: Bryndís Ívarsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

1. Upphaf skólaárs

Skólameistari fór yfir upphaf skólaárs, sem hófst með nýnemamóttöku, strax á fyrsta degi. Ferðin var að hluta til farin um helgi sem ætlun er að breyta fyrir næsta vetur og hafa alfarið á virkum dögum. Grunnskólamót var haldið í lok september þar sem tekið var á móti um 200 grunnskólanemendum á svæðinu frá Vopnafirði að Þelamörk. Skólakynning fyrir nemendur 9. og 10. bekk fór fram á sama tíma og tókst vel. María fór með tilvonandi útskriftarnemendur í háskólakynningu til Akureyrar 3. október og í framhaldi af því fóru starfsmenn í heimsókn á Tröllaskaga þar sem haldinn var sameiginlegur fræðsludagur framhaldsskóla á Norðausturlandi. Þar kynnti Guðmundur Smári *Laxárverkefnið* auk þess sem Hanna og Hallur kynntu þar m.a. verkefnið *Skóli á hreyfingu*. Einnig var síðara verkefnið kynnt á ráðstefnunni *Skóli til framtíðar*. Þá fór skólameistari til Finnlands á haustdögum til þess að kynna með hvaða hætti skólinn vinnur gegn brottfalli nemenda.

2. Starfsmannahald

Skólameistari gerði grein fyrir helstu breytingum í starfsmannahaldi. Tveir starfsmenn sem áður voru í afleysingum voru ráðnir í 50% starfshlutfall í sumar, þær Ásta Gísladóttir og Freydis Anna Arngrímsdóttir. Einnig var Sigrún Aagot Ottósdóttir ráðin í 50% starf sem ritari og bókaforður.

3. Samstarf við grunnskóla

Eins og áður er skólinn í miklu samstarfi við Þingeyjarskóla. Nemendur þaðan koma í íþróttir og raungreinakenndu, auk þess að nokkrir nemendur taka áfanga á framhaldsskólastigi. Þá fara tveir nemendur frá skólanum í verkgreina kenndu í Þingeyjarskóla. Þá stunda nokkrir nemendur á Vopnafirði áfanga í ensku og næringarfræði og mæta hjá starfsmanni framhaldsskólans á staðnum. Þá stundar einn nemandi úr Stórutjarnaskóla enskunám við skólann.

4. Nemendafjöldi og samsetning

Í vetur stunda 99 nemendur nám við skólann. Alls eru 11 nemendurnir á grunnskólaaldri, sex eru utan skóla, utan vistar eru 11 nemendur og 4 í útibúinu á Vopnafirði. Alls eru 67 á heimavistinni. Nemendur sem koma beint úr 10. bekk eru 36, þá eru 14 nýir inn á annað og þriðja ár. Svo eru 38 nemendur frá því í fyrra. Á almennri braut eru 15 nemendur, 22 á félagsfræðibraut, 25 á íþróttabraut, 24 á kjörsviðsbraut og 13 á náttúrufræðibraut.

5. Fjármál

Rekstur ársins 2019 er samkvæmt áætlun. Samkvæmt fjárlögum virðist hins vegar líta út fyrir að um 30 – 35 mkr. raunlækkun verði á árinu 2020.

6. Hótelrekstur

Þegar upp var staðið reyndist umfang reksturs sumarhótelis mun minni en árið áður. Því hefur verið óskað eftir að taka upp samninga um húsaleigu á milli rekstraraðila og skólans. Drög að nýjum samningi liggur nú fyrir.

7. Framkvæmdir

Þær framkvæmdir sem eru á döfinni eru nýtt gólf í íþróttahúsi í desember, nýir gluggar í hluta Dvergasteins. Þá verða Dvergasteinn og Draugasteinn málaðir næsta sumar. Einnig er gert ráð fyrir að ræstikompa í Gamla skóla verði löguð fyrir áramótin.

8. Erlent samstarf

Skólinn leiðir Erasmus plús verkefni ásamt skóla frá Tékklandi. Byggir verkefnið á útivist og gönguferðum. Þá stefnir í að Guðmundur Smári fari með nokkra nemendur til Florida á næsta ári og kynni þar Laxárverkefnið á ráðstefnu *Water is live*.

9. Fundartími

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 18. nóvember klukkan 15:00.

10. Önnur mál

Guðrún Sigurðardóttir kennari og fyrrum nemandi við skólann færði skólanum að gjöf gamlar myndir og skólaspjöld frá liðinni tíð og minnti um leið á að það styttest óðum í 100 ára afmæli skólahalds á Laugum.

Einnig ánafnaði Ásmundur Geirsson skólanum bókasafni sínu.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:12.